

Fundargerð aðalfundar FENÚR árið 2010

Staður og stund: Safnaðarheimili Kársnessóknar, 16. apríl 2010 kl. 11:15.

Formaður Ragna H. Halldórsdóttir bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Ragna lagði til að Margrét Björnsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi og formaður umhverfisstofnunar bæjarins, yrði fundarstjóri og Guðmundur B. Friðriksson fundarritari. Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður las skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. Skýrslu stjórnar má nálgast á heimasíðu FENÚR, www.fenur.is. Að loknum lestri á skýrslu stjórnar fór formaður yfir markmið FENÚR og hvatti fundarmenn til að koma hugmyndum og athugasemdum við starf fagradsins til stjórnar.

2. Ársreikningar

Már Karlsson, gjaldkeri, gerði grein fyrir ársreikningi fagradsins fyrir sl. starfsár. Ársreikninginn má nálgast á heimasíðu FENÚR, www.fenur.is. Tæplega 1 m.kr. tap var á rekstri fagradsins sl. starfsár. Eigið fé lækkaði sem því nemur. Styrkir sem gert var ráð fyrir í áætlun fengust ekki, ógreidd félagsgjöld voru afskrifuð og kostnaður við hönnun flokkunarmerkja var meiri en áætlað var.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning fyrir sl. starfsár. Helga Jóhanna Bjarnadóttir sagði fagradið þurfa að skera niður kostnað eins og aðrir í þjóðfélaginu, ekki gengi að reka fagradið ár eftir ár með tapi. Endurskoða þyrfti þjónustsamninginn við Sorpu. Guðmundur Tryggvi sagði umhverfisstofnuneytið hafa styrkt ferð formanns á aðalfund og ráðstefnu ISWA en sl. tvö ár hefði ekki fengist styrkur fyrir ferðinni. Formaður sagði að hönnun flokkunarmerkjana hafi upphaflega verið styrkt af félagsmönnum en nú sé hönnun og prentun kostuð af fagradini. Jón Steingrímsson sagði eitthvað þurfa að breytast svo endar nái saman, ekki mætti ganga á sjóðinn þriðja árið í röð. Endurskoða mætti þátttöku erlendis, félagsgjöld o.fl.

Fundarstjóri bar þá reikninga sl. starfsárs undir atkvæði og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

3. Starfs- og rekstraráætlun næsta starfsárs

Már Karlsson gerði grein fyrir starfs- og rekstraráætlun næsta starfsárs. Tekjur af félagsgjöldum eru áætlaðar 1.400 þús. kr. líkt og fyrri ár. Tekjur af ráðstefnu eru áætlaðar 500 þús. kr., auglýsingatekjur áætlaðar 50 þús. kr. og sala merkja um 800 þús. kr. líkt og sl. ár. Tekjur samtals um 2.750 þús. kr. Gjöld vegna þjónustusamning við Sorpu eru áætlaðu um 950 þús. kr. sem er um 200 þús. kr. lægra en sl. starfsár. Kostnaður við ráðstefnu fenúr áætluð 350 þús., þátttaka í ÍSWA ráðstefnu áætluð 250 þús. kr. en kostnaður fyrra árs var um 312 þús. kr. Lagt til að þátttöku í NAF verði hætt þ.a. félagsgjöld til Avffal Sverige og lækki um 80 þús. kr. Gjöld eru áætluð um 3.050 þús. kr. og tap á næsta starfsári því áætlað **270** þús. kr.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um starfs- og rekstraráætlun næsta starfsárs.

- Guðmundur Tryggvi gerði athugasemdir við að fagradið segði sig úr NAF. Sagði Fenúr hafa gagn af aðildinni, fagradið hafi ráðfært sig við samtökin í ýmsum málum. Guðmundur lagði til að í stað úrsagnar yrði óskað eftir lökkun félagsgjalda hjá NAF.

- Jón Steingrímsson sagði mikilvæg tað rekstrarniðurstaða næsta árs verði á núlli, ákvarðanir og starfsáætlun taki mið af því.
- Formaður lagði til að leitað yrði styrkja hjá félagsmönnum þ.a. rekstraráætlun standi á núlli. Sótt verði um styrki í tenglum við ráðstefnur, Fenúrfréttir eða flokkunarmerkin.
- Guðmundur Tryggvi óskaði eftir viðbrögðum félagsmanna við hækkun félagsgjalda. Eiður Guðmundsson sagði félagsgjöldin ekki það há, hækka ætti gjöldin. Hafsteinn H. Gunnarsson lagði til að gjöldin yrðu tvöfölduð. Helga J. Bjarnadóttir sagðist styðja hækkun félagsgjalda en einnig væri mikilvægt að fjölga félagsmönnum. Elías Ólafsson spurði hvort áætluð félagsgjöld muni skila sér, varasamt gæti verið að hækka gjöldin mikið, það gæti dregið úr skilum. Elías spurði hvort gefa mætti út Fenúrfréttir á rafrænu formi til að lækka kostnað við útgáfuna sem var nokkuð umfram áætlun á sl. starfsári
- Formaður sagði að kostnaður greinaskrif í Fenúrfréttir hefði verið hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir þar sem lítið hefði borist af greinum frá félagsmönnum. Formaður kallaði eftir greinum í blaðið frá félagsmönnum.
- Tillögur komu fram um afgreiðslu breyttra félagsgjalda en þær var ekki hægt að afgreiða þar sem þær þurfa að berast tímanlega fyrir aðalfund. Fundarstjóri lagði til að mælið yrði tekið upp aftur undir liðnum önnur mál og þá sem tillaga til stjórnar.

4. Kjör formanns

Formaður er kosinn til eins árs í senn. Sitjandi formaður, Ragna Halldórsdóttir gaf kost á sér og var kjör hennar samþykkt með lófaklappi.

5. Kjör annarra stjórnarmanna

Stjórnarmenn eru kjörnir til þriggja ára í senn og var ekkert sæti í stjórn laust. Varamenn í stjórn eru kjörnir til eins árs í senn. Sitjandi varamenn Guðmundur Tryggvi og Elías Ólafsson gáfu kost á sér og var kjör þeirra samþykkt með lófaklappi.

6. Kjör skoðunarmanna

Núverandi skoðunarmenn Jón Steingrímsson og Gunnar Bragason gáfu kost á sér. Kjörnir með lófaklappi.

7. Skipun í ráðgjafastjórn

Á síðasta aðalfundi var stjórn FENÚR falið að skoða framtíð ráðgjafastjórnarinnar og var beðið með að skipa í ráðgjafastjórnina þar til þeirri vinnu yrði lokið. Formaður sagði þessa vinnu ekki hafa farið fram og lagði til að stjórninni yrði aftur falið að endurskoða ráðgjafastjórnina og að tillögur lægju fyrir í haust. Samþykkt.

6. Önnur mál

Fundarstjóri tók aftur upp umræðu um rekstraráætlun næsta árs. Jón Steingrímsson lagði fram eftirfarandi bókun: “Stjórn er falið að leita allra leiða til að auka tekjur á starfsárinu og jafnframt að undirbúa tillögur um breytingu á félagsgjöldum”. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundi slitið kl. 12:10.